# Hvalamiðstöðin á Húsavík SES

kt. 460105-3740

# Ársreikningur 2011

**Efnisyfirlit** **bls.**


Skýrsla stjórnar ........ **2**
Áritun endurskoðenda ........ **3**
Rekstrarreikningur ........ **4**
Efnahagsreikningur ........ **5 - 6**
Sjóðstreymi ........ **7**
Skýringar og sundurliðanir ........ **8 - 13**



**Hvalamiðstöðin á Húsavík SES,**
**kt. 460105-3740,**
**Hafnarstétt,**
**640 Húsavík.**

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Markmið félagsins er að reka fræðslumiðstöð og safn um hvali, lífríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar. Félaginu er einnig ætlað að safna upplýsingum, sögum, gögnum og gripum sem tengjast markmiðum safnsins ásamt því að stuðla að rannsóknum á hvölum án þess að skaða þá. Þá er safninu ætlað að verka og varðveita beinagrindur af hvölum, höfrungum og hnísum sem festast í veiðarfærum eða stranda við Ísland eftir því sem ástæða þykir til eða aðstæður leifa. Safnið skal einnig leitast við að miðla almennri fræðslu um lífríki sjávar, þar á meðal; fræðslu um lífkeðjuna í sjónum, hafstrauma, fiskistofnana, sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar, umgengni við auðlindina, hættur sem stafa af mengum, rannsóknir á lífríki sjávar og fleira. Einnig verslum með minjagripi og tengd starfsemi. Komi til að sjálfseignarstofnuninni verði slitið mun fjármunum hennar eingöngu verða varið til málefnefna í þágu almannaheilla í samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í grein þessari.

### Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

## Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að starfsemi félagsins verði með svipuðum hætti á árinu 2012 og á árinu 2011.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar ársins.

## Eignaraðild

Hvalamiðstöðin á Húsavík SES er sjálfseignarstofnun. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

Stjórn Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík SES og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2011 með áritun sinni.

Húsavík, 2. júlí 2012

**Stjórn:**

Guðbjartur E. Jónsson

Magnús Þorvaldsson

Þorgrímur Árnason

**Framkvæmdastjóri:**

Hermann Bárðarson

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík SES**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík SES fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum*
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits stofnunarinnar sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2011, efnahag hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Húsavík, 28. júní 2012.

**PricewaterhouseCoopers ehf**

Björn St. Haraldsson,
löggiltur endurskoðandi.

Kristinn Freyr Kristinsson,
löggiltur endurskoðandi.

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Aðgöngumiðasala | | 20.311.088 | 18.249.790 |
| Sala minjagripa og bóka | | 6.468.301 | 4.807.053 |
| Aðrar tekjur | | 8.025.741 | 6.437.847 |
| Styrkir | 3 | 8.200.000 | 10.324.697 |
| | | 43.005.130 | 39.819.387 |
| **Rekstrargjöld** | 4 | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 12.988.169 | 12.151.340 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 15.695.850 | 12.332.219 |
| Afskriftir | 5 | 2.227.037 | 1.848.988 |
| | | 30.911.056 | 26.332.547 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 12.094.074 | 13.486.840 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (6.066.536) | (5.434.023) |
| Vaxtatekjur og gengishagnaður | | 25.581 | 187.429 |
| | | (6.040.955) | (5.246.594) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 6.053.119 | 8.240.246 |
| Tekjuskattur | 8 | 0 | 0 |
| **Hagnaður ársins** | | 6.053.119 | 8.240.246 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

## Eignir

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 5 | | |
| Fasteign | | 87.155.872 | 88.938.771 |
| Áhöld og tæki | | 1.854.772 | 2.057.259 |
| Munir | | 1.487.536 | 1.524.725 |
| | | 90.498.180 | 92.520.755 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 90.498.180 | 92.520.755 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Endursöluvörur | 6 | 1.700.804 | 1.364.075 |
| Viðskiptakröfur | | 1.591.258 | 484.500 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur | | 1.156.902 | 834.046 |
| Handbært fé | | 439.679 | 179.944 |
| | | 4.888.643 | 2.862.565 |
| **Eignir samtals** | | 95.386.823 | 95.383.320 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 2011 | 2010 |
| --- | --- | --- | --- |
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Stofnfé | | 21.049.374 | 21.049.374 |
| Óráðstafað eigið fé | | 13.939.071 | 7.885.952 |
| | | 34.988.445 | 28.935.326 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldbinding: | | | |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 11 | 584.000 | 632.000 |
| Langtímaskuldir: | | | |
| Skuldabréfalán | 8 | 50.000.944 | 53.059.365 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 4.513.274 |
| Viðskiptaskuldir | | 903.085 | 400.167 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 3.411.533 | 2.581.952 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 8 | 5.450.816 | 5.213.236 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 11 | 48.000 | 48.000 |
| | | 9.813.434 | 12.756.629 |
| **Skuldir samtals** | | 60.398.378 | 66.447.994 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 95.386.823 | 95.383.320 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 10 | | |
| **Aðrar upplýsingar** | 11 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður ársins | | 6.053.119 | 8.240.246 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 5 | 2.227.037 | 1.848.988 |
| Aðrir liðir | | 2.171.682 | 1.118.767 |
| | | 10.451.838 | 11.208.001 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (1.429.614) | (844.997) |
| Endursöluvörur | | (336.729) | (685.870) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 1.332.499 | 1.044.738 |
| | | (433.844) | (486.129) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 10.017.994 | 10.721.872 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | | (204.462) | (39.558.370) |
| | | (204.462) | (39.558.370) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 15.000.000 |
| Afborganir langtímalána | | (5.040.523) | (3.796.561) |
| Skammtímalán | | (4.513.274) | 4.513.274 |
| | | (9.553.797) | 15.716.713 |
| **Hækkun/(lækkun) á handbæru fé** | | 259.735 | (13.119.785) |
| Handbært fé í byrjun ársins | | 179.944 | 13.299.729 |
| **Handbært fé í árslok** | | 439.679 | 179.944 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo möt þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur flust yfir til kaupanda.

### 1.3 Aðrar rekstrartekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirliggjandi samninga.

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

### 1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Hækkun á bókfærðu verði fasteigna í gangvirði að frádregnum afskriftum er færð á sérstakan reikning meðal eigin fjár. Lækkanir á áður færðum hækkunum eru færðar til lækkunar á fyrrgreindum reikningi. Lækkanir umfram áður færðar hækkanir eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi. Árlega er mismunur á gjaldfærðum afskriftum samkvæmt rekstrarreikningi og þeim afskriftum sem færðar hefðu verið miðað við upphaflegt kostnaðarverð, færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........................................ | 50 ár |
| Áhöld, tæki og munir ........................................ | 3 -50 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

# Skýringar

## Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 1.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2012. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 1.7 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði.

### 1.8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 1.9 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

### 2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## 3. Rekstrartekjur

| Styrkir | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Húsavíkurbær | 1.800.000 | 1.800.000 |
| Ríkissjóður | 6.400.000 | 7.925.000 |
| Aðrir | 0 | 599.697 |
| | 8.200.000 | 10.324.697 |

# Skýringar

## 4. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun | 10.702.000 | 10.027.178 |
| Launatengd gjöld | 2.251.441 | 2.124.696 |
| Bifreiðastyrkur | 0 | 1.584 |
| Áfallinn launakostnaður - launauppbót | 34.728 | (2.118) |
| | 12.988.169 | 12.151.340 |
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Hiti og rafmagn | 2.788.673 | 2.221.293 |
| Smávara til endursölu | 5.007.398 | 3.387.830 |
| Viðhald og rekstur húsnæðis | 898.000 | 956.417 |
| Kostnaður vegna sjálfboðaliða | 259.139 | 412.202 |
| Auglýsingar og kynningarkostnaður | 834.997 | 546.615 |
| Fjárhagsbókhald, laun og reikningsskilaþjónusta | 820.488 | 731.026 |
| Rekstur tölvukerfa | 1.364.564 | 1.068.859 |
| Kostnaður við sýningar | 289.347 | 0 |
| Vátryggingar | 1.034.147 | 891.940 |
| Ferðakostnaður | 45.200 | 34.950 |
| Prentun, pappír og ritföng | 127.256 | 199.349 |
| Fasteignagjöld | 884.418 | 380.655 |
| Endurskoðun | 441.801 | 448.047 |
| Félagsgjöld | 106.772 | 78.009 |
| Annar kostnaður | (69.969) | (92.837) |
| Birgðabreyting | (336.729) | (685.870) |
| Gjaldfærður búnaður | 42.946 | 60.000 |
| Sími | 24.244 | 262.151 |
| Þóknun vegna kreditkorta | 127.440 | 106.171 |
| Hreinlætisvörur | 145.102 | 242.473 |
| Kalt vatn | 193.422 | 136.441 |
| Þjónustugjöld banka | 80.000 | 106.936 |
| Blöð og tímarit | 23.820 | 71.873 |
| Viðhald tækja og búnaðar | 76.646 | 0 |
| Rekstur kaffistofu | 14.035 | 20.567 |
| Póstburðargjöld | 23.037 | 34.148 |
| Öryggisgæsla | 62.934 | 53.834 |
| Kostnaður við Posa | 45.559 | 23.203 |
| Gjafir | 10.000 | 4.000 |
| Húsaleiga | 89.812 | 0 |
| Aðkeypt þjónusta | 0 | 630.000 |
| Flutningskostnaður | 801 | 1.937 |
| | 15.695.850 | 12.332.219 |

# Skýringar

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteign | Áhöld og tæki | Munir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 88.938.771 | 2.057.259 | 1.524.725 | 92.520.755 |
| Viðbætur á árinu | 204.462 | 0 | 0 | 204.462 |
| Afskrifað á árinu | (1.987.361) | (202.487) | (37.189) | (2.227.037) |
| Bókfært verð í árslok | 87.155.872 | 1.854.772 | 1.487.536 | 90.498.180 |

Innréttingar, safn, munir og frystigeymslur eru vátryggð fyrir kr. 90.955.000.

Fasteignir félagsins í árslok 2011 voru eftirtaldar:

| | Fasteignam. hús | Fasteignam. leigulóð | Brunabóta-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Hafnarstétt 1 | 54.350.000 | 8.420.000 | 243.050.000 | 87.155.872 |
| | 54.350.000 | 8.420.000 | 243.050.000 | 87.155.872 |

## 6. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Vörur til endursölu | 1.700.804 |
| | 1.700.804 |

## 7. Eigið fé

**Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum**

| | Stofnfé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 21.049.374 | 7.885.952 | 28.935.326 |
| Hagnaður ársins | | 6.053.119 | 6.053.119 |
| Staða í árslok | 21.049.374 | 13.939.071 | 34.988.445 |

# Skýringar

## 8. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Skuldir í íslenskum krónum, vextir 6,1% | 55.451.760 |

Afborganir af langtímaskuld félagsins í árslok 2011 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2012 | 5.450.816 |
| Árið 2013 | 5.450.816 |
| Árið 2014 | 5.450.816 |
| Árið 2015 | 5.450.816 |
| Árið 2016 | 5.450.816 |
| Síðar | 28.197.681 |
| | 55.451.760 |

Langtímaskuldir samtals kr. 55,5 millj. koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Afborganir ársins 2012, færðar meðal skammtímaskulda | 5.450.816 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 50.000.944 |
| | 55.451.760 |

## 9. Skattar ársins

Félagið er undanþegið skattskyldu skv. 5. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003.

## 10. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

### Veðsetningar

Á fasteign félagsins hvílir þinglýst veð til tryggingar skuldum þess, sem voru að uppgreiðsluvirði um 55 millj. króna í árslok 2011.

## 11. Aðrar upplýsingar

### Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Laun | 10.702.000 |
| Áfallið orlof, breyting | 34.728 |
| Launatengd gjöld | 2.251.441 |
| | 12.988.169 |

Félagið greiddi 9 starfsmönnum laun á árinu. Laun og þóknanir til stjórnenda námu um 4,5 mkr. á árinu.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

# Skýringar

## Aðrar upplýsingar (frh)

### Skuldbindandi samningar

Vegna kaupa Hvalamiðstöðvarinnar á gamla frystihúsi KÞ á Hafnarstétt ásamt tilheyrandi lóðarréttindum leigði kaupandi seljanda 150 fm. rými í húsinu til 25 ára. Samkomulag um leigu húsnæðisins er uppsegjanlegt af beggja hálfu hvenær sem er eftir 3 ár m.v. dagsetningu samkomulagsins og skal þá koma til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs hins selda, eins og segir í samkomulaginu.

Skuldbindingin greinist þannig í árslok:

| | |
|---|---|
| Fyrirframinnheimtar tekjur færðar meðal skuldbindinga | 584.000 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur færðar meðal skammtímaskulda | 48.000 |
| | 632.000 |

Fyrirframinnheimtu tekjurnar vegna leigunnar munu koma til tekna á samningstímanum eða 25 árum. Á árinu 2012 munu fyrirframinnheimtar tekjur að fjárhæð kr. 48.000 koma til tekna í rekstrarreikningi Hvalamiðstöðvarinnar.